

SKÝRSLA SKÓGARVARDARINS Á SUDURLANDI

1947.

FRAMKVÆMDIR 1947.

Girðingar: Ný girðing var sett á austurhlið Tumastaðalands. Hún er 400 metra löng, girt úr vírneti og tveim gaddavírs strengjum og borin uppi af járnstólpum ( galvaniseruðum). Gömlum girðingum var haldið við eftir föngum.

Byggingar: Gróðurhús var byggt á Tumastöðum . Stærð þess er 30 x 7 m. Grind er úr járni og var hún steypt niður í grunninn. Trélistar voru skrúfaðir á járngrindina og gler lagt yfir þá.

Vegagerð: Lagður var 800 metra langur vegur frá þjóðveginum og heim að Tumastöðum. Vegurinn var mélborinn á 300 metra svæði.

Rafstöð: Byrjað var á virkjun lækjar, sem fellur um land Tumastaða, en því verki varð ekki lokið á árinu.

Framræsla: Handgrafinn var 100 metra langur skurður, 2 ja metra djúpur, 2.20 metrar í þvermál að ofan og 0,40 metrar í þvermál í botninn.

Græðireitir: Við græðireitinn á Tumastöðum var unnið megnið af sumrinu. Beltisdráttarvél var notuð til þess að jafna landið. Í haust var ekið 100 vögnum af húsdýraáburði í hluta landsins, sem væntanlega verður tekinn til notkunar á næsta sumri.

Sáning: 15 kg. af sitkagrenifræi var sáð í gróðurhúsið á Tumastöðum. Fræinu var sáð í 51 kassa - samtals um 35 m<sup>2</sup>. Álmfræi var sáð i 4 kassa og gullregni i 1 kassa. Allt fræið spýraði mjög vel nema gullregnið. - I Múlakoti var sáð 120 kg. af reynifræi í 100 m<sup>2</sup>. Engu birkifræi var sáð í Múlakoti að þessu sinni og er það vegna sjúkdóms, er verið hefir þar í ungbirkí á undanfönum árum.

Seldar & afhentar plöntur:

Birki	-	12.432	st.
Reynir	-	7.854	-
viðir	-	4.363	-
ribs	-	135	-
sitkagreni	-	3.462	-
sólber	-	76	-
ýmislegt	-	148	-
Samtals		28.470	st.

Til sölu og afhendingar eru næsta vor:

Birki	-	6.000	st
reynir	-	3.000	-
viðir	-	1.300	-
ribs	-	1.000	-
sólber	-	600	-
grá-reynir	-	300	-
eplatré	-	300	-
ýmislegt	-	600	-

Samtals 13.100 st.

Ferðalög: Fyrst í júni fór ég ásamt Vigfúsi Jakobssyni inn á Pórsmörk. Plöntuðum við þar 3.000 furum (skógarfurum). Þeim var plantað á þrem stöðum, í Húsadal - Laugadal og Stóra-enda. - Um miðjan ágúst fór ég austur á Siðu og var ferðinni heitið í Núpsstaðaskógi, en sakir óveðurs og vatnavaxta komst ég aðeins að Kálfafelli í Fljótshverfi og snéri þar við. - Væntanlega kemst ég í Núpsstaðaskógi á sumri komanda. - I bakaleiðinni athugaði ég lítillega Skaftáreldahraun vestra, og er merkilegt að sjá, að viða er kominn viðir um hraunið. Ekki sá ég þar birki, en þó kann það vel að leyndast þar.

Um mánaðarmótin ágúst - september sat ég fund Skógræktarfélags Íslands, er haldinn var að Vöglum í Fnjóskadal.

Auk þessa fór ég nokkrar smáferðir um nágrennið.

Tumastöðum í janúar 1948,

  
Gáðar Jónasson